



Alþingi
Erindi nr. P 133/140
komudagur 10.11.2006

Reykjavík, 10. nóvember 2006

Fjárlaganefnd
Hr. Birkir J. Jónsson, formaður

Vísað er til bréfs yðar frá 5. október sl. þar sem óskað er eftir álit nefndarinnar á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007. Hér með sendist álit nefndarinnar.

F.h. formanns utanríkismálanefndar

Einar Farestveit
ritari utanríkismálanefndar

UTANRÍKISMÁLANEFND

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapa og bréf fjárlaganefndar frá 5. október.

Nefndin fékk á sinn fund Pétur Ásgeirsson og Hrein Pálsson frá utanríkisráðuneyti. Þá óskaði nefndin eftir viðbótarupplýsingum frá ráðuneytinu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárlagarammi utanríkisráðuneytisins stækki um 1.893 millj. kr. eða 25% miðað við fjárlög fyrir árið 2006.

Aukna fjárþörf ráðuneytisins má að stærstum hluta rekja til verulegrar hækkunar á framlögum til þróunarmála. Þau hafa verið markvisst hækkuð undanfarin ár í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um að framlög Íslendinga til þróunarmála verði 0,35% af vergri landsframleiðslu árið 2008. Þannig hafa framlög verið hækkuð til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands úr 294 millj. kr. árið 2000 í 1.213 millj. kr. árið 2007, framlög til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi úr 164 millj. kr. árið 2000 í 994 millj. kr. árið 2007, framlög til þróunarsjóðs EFTA hafa hækkað úr 98 millj. kr. árið 2000 í 304 millj. kr. árið 2007 og framlög til íslensku friðargæslunnar hafa hækkað úr 136 millj. kr. árið 2002 í 603 millj. kr. árið 2007. Nefndin er sammála að rétt sé að hækka framlög til þessa málaflokks. Kostnaður við öryggiseftirlit á Keflavíkurflugvelli hefur vaxið stöðugt undanfarin ár vegna hertra öryggiskrafna í flugstöðinni og reglna um flugvernd, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Þá er gert ráð fyrir að kostnaðarauki vegna brotthvarfs varnarliðsins frá Keflavíkurflugvelli nemi um 1.400 millj. kr. á árinu 2007 vegna flugtengdrar starfsemi bandaríska hersins, en til hennar teljast m.a. rekstur slökkviliðs, snjóruðningsdeildar og rafeindadeildar auk viðhaldskostnaðar.

Embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli færir undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið á næsta ári, en sem kunnugt er hefur embættið verið rekið með halla undanfarin ár. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur aflað er unnið að því að leysa fjárhagsvanda embættisins en markmiðið er að það verði hallalaust um áramót. Nefndin leggur áherslu á að búið sé að leysa fjárhagsmálin þegar embættið flyst milli ráðuneyta.

Utanríkismálanefnd barst í sumar erindi frá utanríkismálanefnd norska Stórþingsins þar sem þess var farið á leit við þjóðþing Norðurlanda að þau styrktu endurreisn þinghússins í Bosníu-Herzegóvínu. Áætlaður kostnaður við framkvæmdina er talinn um 740.000 evrur eða um 65 millj. kr. Norðmenn hafa boðist til að greiða helminginn af kostnaðinum og hafa óskað eftir stuðningi hinna Norðurlandanna við fjármögnun 30% af heildarkostnaðinum. Utanríkismálanefnd fer þess á leit við fjárlaganefnd að orðið verði við beiðni norska þingsins en unnið er að samkomulagi um skiptingu kostnaðar. Verkefnið er mjög brýnt enda tengist það endurreisn ríkisins og lýðræðisþróun.

Jón Gunnarsson ritar undir álitinu með fyrirvara.

Alþingi, 8. nóv. 2006

Halldór Blöndal, formaður,
Jón Kristjánsson,
Drífa Hjartardóttir,
Guðlaugur Þór Þórðarson,
Jón Gunnarsson, með fyrirvara.